

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Smiðjuvalla.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 14. maí 2019 og 10. mars 2020, breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla. Skipulagið nær til lóða nr. 12-14-16-18-20 og 22. Í breytingunni felst að sameina lóðir nr. 12-22 við Smiðjuvelli, byggingar sem reistar verða á lóðinni eru athafnalóðir fyrir léttan iðnað, þjónustu og skrifstofur. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 12. mars 2020.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2020